

Bstj. 7. september 2010

2. mál Umræða um stöðu aðgerðaáætlunar borgarstjórnar (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna)

Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ástæða þess að borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna óska eftir að þetta mál sé tekið hér til umræðu í dag, á fyrsta fundi borgarstjórnar á þessum starfsvetri, er einföld og skýr. Það má í raun og veru segja að aðgerðaáætlun borgarstjórnar sem samþykkt var ef ég man rétt 5. október 2008 hafi verið svona undirstaða starfsins á þessum vettvangi á umliðnum tveimur árum. Sumir hafa gengið svo langt og jafnvel um það verið rætt að þetta hafi verið svona undirstaðan að því að við komumst í gegnum þær hremmingar sem íslenskt samfélag gekk í gegnum árið 2008 síðla hausts. Ég ætla ekki að taka svo djúpt í árina, átta mig ekki alveg á því hvort það er rétt lýsing, en það er allavega alveg ljóst að aðgerðaáætlunin var forsenda mjög margra ákvarðana sem teknar voru hér á vettvangi borgarstjórnar og í rauninni var það þannig þessi tvö umliðnu ár að segja má að engin ákvörðun á vettvangi borgarstjórnar hafi verið tekin, allavega ekki ákvörðun sem var fjárhagsleg, án þess að því væri velt fyrir sér hvort hún stæðist aðgerðaáætlun.

Mig langar aðeins að segja borgarstjórn frá því hvers vegna það var þannig. Hluti af ástæðunni er auðvitað sá að fyrir tveimur árum og í raun og veru allt síðasta kjörtímabil, meira og minna eftir árið 2008, var hér á þessum vettvangi nokkur upplausn, talsverð átök um menn og málefni og svo mikil að mörgum þótti nóg um og þar með talið okkur sem í þessum sal sátum. Það er ein ástæðan fyrir því að þegar við tekur nýr meirihluti í ágúst 2008, eftir að menn og konur, meðal annars sú sem hér stendur, höfðu gefist upp á því meirihlutasamstarfi sem fyrir var, þá var alveg einboðið að ekki myndi takast að vinna vel fyrir borgarbúa nema menn ýttu til hliðar hefðbundinni hugsun í stjórnámálum og hefðbundnum vinnubrögðum og reyna að vinna vel saman. Það var, minnihlutanum til hróss þá, því það er alltaf mun erfiðara fyrir minnihluta að taka þátt í slíku starfi heldur en meirihluta, að minnihlutinn í Reykjavík, fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna, tóku vel í þá málaleitan þess meirihluta og buðust til þess að koma að þeirri vinnu.

Þetta er svona ein af þeim forsendum og ástæðum þess að þegar nýr meirihluti tók við og þegar ég sem borgarstjóri flutti mína ræðu hér þegar ég tók við starfi, þá

Bstj. 7. september 2010

gerði ég þetta að aðalatriði, að við myndum reyna að vinna saman. Forsendan fyrir því, af hálfu allra, var að það væri ljóst að hverju við værum að vinna saman. Þannig að aðgerðaáætlunin, það má alveg kalla hana ákveðið sáttaplagg milli meirihluta og minnihluta og við ákváðum að vera sammála um ákveðna þætti og vinna eftir því. Að öðrum kosti vorum við ekki reiðubúin í slíkt samstarf því annars hefði allur sá tími farið í að þræta um það hvort þetta væri það sem við ræddum um einhversstaðar, hvort þetta væri akkúrat markmiðið, þá ákváðum við að koma okkur saman um þetta plagg og ég segi það alveg í einlægni hér að það tók mikinn tíma, það voru talsverð átök og oft mjög erfiðir fundir og erfið samtöl og alveg fram á síðustu stundu. Við vorum búin að eyða í þetta verkefni mjög mörgum fundum, mjög löngum fundum, næturfundum og öðru til þess að reyna einhvern veginn að komast að þessari niðurstöðu.

Það tókst og auðvitað það sem ýtti á okkur í því sambandi var ekki bara sá vilji okkar að vinna öðruvísi heldur líka það að við sáum og vorum búin að skynja í svona hagtölum Reykjavíkurborgar, ef kalla má það því nafni, að það stefndi í einhverskonar óefni hvað varðar efnahagsmál. Við vorum farin að sjá hækkandi atvinnuleysi, vorum farin að sjá breytingar á gengi, vorum farin að sjá þrengri stöðu okkar varðandi lán og allskyns hlutir sem sögðu okkur, þrátt fyrir að við auðvitað, ekki frekar en aðrir, hefðum getað spáð fyrir um hrunið, þá samt sem áður sáum við að ákveðnir hlutir voru að gerast. Það var þess vegna nokkrum dögum, eða bara þessa viku þegar allt hér dynur yfir þessa þjóð, þá samþykkir Borgarstjórn Reykjavíkur þessa aðgerðaáætlun með öllum greiddum atkvæðum og við öll sögðum það hér að við myndum einbeita okkur að því á næstu tveimur árum að vinna markvisst að þessum verkefnum og hvergi hvika frá þessari aðgerðaáætlun. Og það skýrir ansi margt í umræðunni hér áðan, þegar er verið að ræða um það af hverju voru gjaldskrár ekki hækkaðar og þeirri sem hér stendur er gjarnan innan gæsalappa „kennt um það“ að hafa ekki leyft slíkar gjaldskrárhækkanir, þá er það vegna þess að ég vildi standa við það samkomulag sem gert var.

Þannig að aðgerðaáætlun tekur mið af þessu. Hún er hins vegar, og ég hlýt að gera ráð fyrir því af því að þetta er algjört undirstöðuplagg á vettvangi allra þeirra

Bstj. 7. september 2010

starfa sem hér hefur verið sinnt á tveimur undanförunum árum að flestir þekki aðgerðaáætlunina, en hún er líka algjört undirstöðuplagg að því leyti að fjármálin í rauninni umhverfðust í kringum það. Það er margt reyndar í aðgerðaáætluninni sem kannski var dálítið svona bjartsýnt miðað við það sem síðar varð, ég er ekki alveg viss um, svo ég sé aftur ærleg í því, að við hefðum verið svona afdráttarlaus varðandi ákveðna hluti nema vegna þess að við héldum að staðan yrði þó eitthvað skárri en hún síðar varð. Ég er ekki alveg viss um að við hefðum sett fram afdráttarlaus orð um það að engum skyldi sagt upp, að engar gjaldskrár skyldu hækka, eins og við gerðum í þessu plaggi, nema vegna þess að við töldum og áttum ekki von á þeim miklu hamförum sem við síðan lentum í.

Þannig að þetta er svona sagan á bakvið það hvers vegna við settum okkur þessa aðgerðaáætlun. Hún var í raun og veru þetta plagg sem við unnum öll með, þetta var svona plaggið sem við römmuðum inn á skrifstofunni okkar og hengdum upp og í hvert sinn sem var tekin ákvörðun var horft á þetta plagg og sagt: er eitthvað í þessu sem stenst ekki þetta? Það sem aðgerðaáætlunin gekk út á, eins og kemur fram í henni, þetta var bara eitt A4 plagg, þá gengur hún út á það að þessi aðgerðaáætlun sé til þess að bregðast við breytingum í fjármála- og atvinnuumhverfi og síðan fórum við ýtarlega í það hvað við værum nákvæmlega að hugsa um og við töluðum um það í formála að þessari aðgerðaáætlun að alvarleg staða á alþjóðlegum fjármála- og lánamörkuðum, minnkandi tekjur borgarinnar, sem var eitthvað sem við vorum farin að sjá, aukinn kostnaður og fjöldi vísbendinga um þrengingar í fjármálum sveitarfélaga sem menn þekkja alltof vel í dag, og ég held til dæmis að þessi aðgerðaáætlun sé ein af ástæðunum fyrir því, við vorum eitt fyrsta sveitarfélagið sem settum okkur slíka aðgerðaáætlun, sé ein af ástæðunum fyrir því að þegar er verið að lesa upp þau sveitarfélög sem í einhverskonar gjörgæslu eru vegna fjármálastöðu, þá er Reykjavíkurborg aldrei nefnd þar, heldur önnur sveitarfélög.

Þannig að okkur þótti að þetta ástand allt kallaði á mjög skýr skilaboð og meginlínur og markmið í viðbrögðum Reykjavíkurborgar við því sem við horfðum framan í. Þær áherslur voru kynntar og var sagt að þær myndu endurspeglast í fjárhagsáætlunargerðinni og í öllu starfi á vettvangi borgarinnar.

Bstj. 7. september 2010

Og þar vildum við auðvitað tryggja þennan stöðugleika í rekstri, við vildum tryggja það að við gætum haldið úti öflugri þjónustu og við vildum líka senda bæði borgarbúum og ekki síst starfsfólki Reykjavíkurborgar mjög skýr skilaboð um það hvernig skyldi taka á þessum málum. Það gerðist nefnilega hér eins og gerðist allsstaðar í samfélaginu að það skapaðist ákveðið kaos-ástand á vettvangi Reykjavíkurborgar þegar þetta gerist allt saman. Það var óvissa, ekki bara um verkefni eða fjármál heldur bara óvissa um ákvarðanir og hvernig tekið yrði á málum. Þannig að það sem við náðum samstöðu um, við segjum hér:

Samstaða er um eftirfarandi áherslur og verkefni.

Ég ætla með leyfi forseta að fá að lesa það upp. Það var undir yfirskriftinni: Grunnþjónusta við íbúa varin og gjaldskrár óbreyttar. Það var það sem við gerðum að fyrirsögn á þessu sameiginlega plaggi okkar. Og það hljóðar svo með leyfi forseta:

- Þrengri fjárhagsstöðu verður að svo stöddu ekki mætt með hækkunum á gjaldskrár fyrir grunnþjónustu eða skerðingu á þeirri þjónustu sem íbúar vænta frá leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum og almennri velferðarþjónustu.
- Engin áform eru um uppsagnir starfsfólks, en dregið verður úr kostnaði og nýráðningum í stjórnsýslu borgarinnar.
- Fjárheimildir sviða verða að jafnaði ekki auknar á árinu 2008 ...

Þetta var mjög mikilvægur punktur, við frystum í raun og veru fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar og settum ekki inn nein verðlagsáhrif, sem auðvitað var niðurskurður í sjálfu sér.

... þrátt fyrir vaxandi verðbólgu, en útgjöld endurskoðuð með það að markmiði að ná fram sparnaði og samhæfingu í stjórnkerfinu.

- Stóraukins aðhalds verður gætt í innkaupum og stefnt að 15% sparnaði í þeim á næstu mánuðum og árum.
- Leitast verður við að tryggja fjármögnun fyrir nauðsynlegum framkvæmdum. Forgangsröðun framkvæmda verður endurskoðuð en framkvæmdum eða verkefnum, sem geta beðið eða kalla á aukinn rekstrarkostnað, verður frestað eða dregið úr kostnaði vegna þeirra. Við ofangreint mat verði jafnframt tekið mið af áhrifum á atvinnustig.

Bstj. 7. september 2010

- Haldið verði áfram viðræðum við ríkisvaldið um að framkvæmdaáætlanir vegna brýnna samgönguverkefna standi, samhliða því sem lögð er áhersla á mikilvægi aðkomu ríkisvaldsins að rekstri almenningsgangna.
- Gerð verður áætlun um sölu eigna sem verður lögð fram samhliða fjárhagsáætlun. Þar skal gera ráð fyrir sölu eigna sem nemur að lágmarki 1 milljarði króna á ársgrundvelli, að því gefnu að fyrir fáist ásættanlegt verð.
- Reglum um greiðslukjör lóða verður breytt til að bjóða íbúum hagkvæmari greiðslukjör vegna lóðakaupa í Reykjavík. Eftirspurn eftir lóðum verður áfram mætt, en aukin áhersla verður á uppbyggingu á svæðum þar sem innviðir og þjónusta eru þegar fyrir hendi.
- Efnt verði til samráðs við ríki og sveitarfélög um leiðir til að efla almennan og félagslegan leigumarkað.
- Reynsla borgarinnar af grænum langtímasparnaði verður nýtt með lækkun kostnaðar, bættri orkunýtingu, vistvænum innkaupum og nýjum umhverfisvænum lausnum.
- Ráðgjöf og velferðarþjónusta sem veitt er í þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar til að leiðbeina einstaklingum og fjölskyldum verður eflað.

Svo margir voru þeir punktar og mikil vinna, eins og ég áður sagði, lögð í að finna samstöðu um þessi verkefni. Það kom líka fram í þessari aðgerðaáætlun, eins og ég las upp áðan, að hún væri í gildi ... Það er ótrúlega erfitt að flytja ræðu úr þessum stól þegar er verið að tala svona mikið hérna hinumegin, ef menn myndu taka mið af því, fyrirgefið, ég heyri varla í sjálfri mér. Við lögðum, eins og ég segi, mikla áherslu á það að svona yrði þetta og það var hluti af samningunum að þetta væri svona í tvö heil ár. Það er að segja þar til ný borgarstjórn tæki við og nýjar áherslur hugsanlega yrðu til staðar. Þannig unnum við verkefnið. Og það var líka mjög mikilvægt að það væri til svo langs tíma og við gætum unnið út frá því. Það tókst og það var aldrei, á þessum langa tíma, lögð fram nein tillaga eða neinar hugmyndir um breytingar á þessari aðgerðaáætlun, þrátt fyrir að við höfum, eins og margir hafa bent á, við höfum oft og nokkrum sinnum tekist á um það hvort að við skilgreinum hlutina nákvæmlega eins, erum við öll sammála um hvað er grunnþjónusta, það var kannski svona stærsti áttakpunkturinn í þessari aðgerðaáætlun hvort við værum sammála því að ákveðnir þættir, ég til dæmis nefni sem dæmi: Vinstri grænir myndu segja að frístundaheimili, að þau séu til dæmis gjaldfrjáls, jafnvel leikskóli og fleira, það sé ákveðin grunnþjónusta sem

Bstj. 7. september 2010

eigi að standa vörð um með þeim hætti. Við hins vegar til dæmis, þáverandi meirihluti, taldi að viðbótarþjónusta á þessum stofnunum, til dæmis viðbótarstund á leikskóla, væri ekki grunnþjónusta. Við vorum meira að skilgreina grunnþjónustuna út frá lagabókstafnum en Vinstri grænir, svo ég nefni sem dæmi, því það voru mest umræður á milli okkar um það, að það var eitthvað sem við vorum ekki endilega sammála um.

Og það var annað sem aðgerðaáætlun gerði, hún var ekki bara forsenda þess að hér næðum við, ég vil næstum því segja pólitískum þroska til þess að takast á við verkefni með öðrum hætti, og pólitískri sátt, heldur var hún ótrúlega verðmæt fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar. Við lögðum mikla áherslu á að kynna aðgerðaáætlunina, bæði með vikulegum pistlum starfsmanna um stöðu aðgerðaáætlunarinnar, ekki síður með fundum þar sem við fórum yfir verkefnið með starfsmönnum, þannig að flest starfsfólk Reykjavíkurborgar og allir stjórnendur Reykjavíkurborgar voru mjög meðvitaðir um að svona væru prinsippin, það mætti ekki skerða grunnþjónustu, það mætti ekki segja upp fólki og það væri ekki í boði að hækka gjaldskrár. Þannig að allar hagræðingaradgerðir tóku mið af því að svona væri þetta unnið og við vorum auðvitað mjög stolt af því hvernig starfsmenn tóku þessu og fóru með okkur í þá vinnu að útfæra hugmyndir og tillögur um sparnað hjá Reykjavíkurborg án þess að til þess kæmi, að vinna á þessum þremur þáttum.

Og það tókst svo vel að við fengum 1500 tillögur frá okkar góða starfsfólki sem í þúsundum tók þátt í þessari vinnu með okkur og gaf okkur sínar hugmyndir og ég er viss um að þið sem ekki voruð hérna á þessum vettvangi munið eftir umræðunni sem var um litlar tillögur frá starfsfólki Reykjavíkurborgar, allt frá því að börnin okkar fengju frekar hafragraut á morgnana þegar þau kæmu í leikskólann, yfir það að við hættum með pappapurkur og svo framvegis og svo framvegis, við slökktum á tölvunum, allskonar litlar og stórar hugmyndir frá starfsfólki Reykjavíkurborgar sem á endanum sparaði 1100 milljónir fyrir Reykjavíkurborg. Og fyrir þetta verkefni og fyrir þessa aðgerðaáætlun og aðferðirnar sem hún kallaði fram, var Reykjavíkurborg tilnefnt í tvígang til verðlauna á vettvangi sambands evrópskra sveitarfélaga sem sýndi það að þessi

Bstj. 7. september 2010

vinna, sem mörg okkar fengu síðan tækifæri til þess að kynna, bæði hér heima fyrir öðrum sveitarfélögum og erlendis, vakti athygli enda skilaði hún ótrúlega miklum árangri. Hún varð auðvitað ekkert til í tómarúmi, hún varð líka til vegna þess lærdóms sem við fengum víða annarsstaðar frá um hvernig væri best að halda á þessum málum.

Þannig að þessi þáttur er lýtur að starfsfólkinu, öryggistilfinningu þeirra, sem síðan aftur – og menn geta gagnrýnt það, ég hef alveg heyrt það úr kerfinu að það sé ekkert endilega gott að starfsfólk hér gangi svona ofboðslega öruggt til sinnar vinnu, enginn þurfi að hafa áhyggjur af því að hann missi starfið sitt. Auðvitað var það þannig að hjá Reykjavíkurborg, ef einhver braut af sér í starfi, þá var það ekkert undir aðgerðaáætluninni. Það er annar hlutur. En ef menn sinntu sínum störfum og hlutirnir gengu vel, þá gat fólk treyst því að vegna hagræðingar eins og það er sagt í aðgerðaáætluninni þyrfti enginn að hafa áhyggjur af sínu starfi. Og það varð líka til þess að fólk vann með okkur, held ég, af svona, upplifði sig sem þátttakanda og hluta af þessu verkefni og var mjög meðvitað um það. Svo meðvitað að ég fékk mjög oft tölvupóst frá starfsfólki sem sagði: ég tel að nú séum við að brjóta aðgerðaáætlunina. Þá var farið yfir það mál. Þannig að þetta var svona okkar leiðarljós í gegnum alla þessa vinnu og ég held að okkur öllum hér, alveg sama hvort við tilheyrðum meirihluta eða minnihluta, höfum verið þeirrar skoðunar að hún hafi verið mjög verðmæt til þess að komast í gegnum þetta.

En ástæðan fyrir því að við tókum upp þessa umræðu hér á vettvangi borgarstjórnar í dag, óháð þessari sögu aðgerðaáætlunarinnar, er að hún, eins og ég sagði áðan, í raun og veru að einhverju leyti fellur um sjálfa sig eða fellur úr gildi þegar við tekur ný borgarstjórn enda var hún samþykkt af aðilum sem þá áttu sæti í borgarstjórn. Hún er hins vegar, auðvitað hefði nýr meirihluti til dæmis, ef hann hefði viljað segja: heyrðu, við viljum ekki hafa þessa aðgerðaáætlun, við erum ekki sátt við hana, þá hefðu menn getað breytt fjárhagsáætlun. Því fjárhagsáætlun er öll meira og minna unnin á grundvelli þessarar aðgerðaáætlun og öll forgangs röðun þar er þess eðlis að hún tekur mið af því. Þannig að þá hefðu menn getað ýtt henni til hliðar og hugsað hlutina upp á nýtt. Í henni felst líka mjög

Bstj. 7. september 2010

afgerandi ákvarðanir er lúta að forgangsröðun verkefna. Hún í raun og veru skilgreinir nákvæmlega það í hvað við forgangsröðum. Og hvernig gerðum við það? Vegna þess hvernig hún er orðuð, þá sögðum við: niðurskurður eða hagræðing í velferðarkerfinu var engin, það var aukinn kostnaður þar, fyrst og síðast þó vegna þess að það var aukin fjárhagsaðstoð, ekki vegna þess að við sköpuðum ný verkefni heldur vegna þess að það var meiri kostnaður, svo því sé til haga haldið. Síðan skárum við niður í algjöru lágmarki, í kringum 4,5-4,6% í málum er tengjast menntun, leikskólamálum, ÍTR og menningunni, en síðan fórum við hærra þegar það voru verkefni sem lutu að framkvæmdasviði, skipulagssviði og umhverfis- og samgöngumálum. Þannig að við tókum þessa aðgerðaáætlun alla leið og hagræddum algjörlega í prósentum út frá því sem við hér höfðum sett niður. Þannig að þetta var mjög vel skilgreint.

Eins og ég segi: ný borgarstjórn hefði getað, ef hún hefði viljað, breytt þessum ákvörðunum og þar með breytt fjárhagsáætlun. Ný borgarstjórn hefði líka, ef hún hefði ekki viljað virða aðgerðaáætlunina, getað farið í það að hækka allar gjaldskrár fyrir þjónustu í Reykjavík sem nú er með því lægsta sem þekkist, en í raun og veru má samt segja og það er rétt eins og Dagur B. Eggertsson hefur nefnt að aðgerðaáætlunin er fallin úr gildi. Það er líka rétt að hún hefur í raun og veru þegar verið brotin vegna þess að með hækkuninni á gjaldskrá Orkuveitunnar er hún fallin úr gildi, því hún gekk út á það að það yrði ekki hækkað. En það sem verra er, finnst mér, er það að það hefur engin aðgerðaáætlun komið í staðinn. Og svo getur það verið ákveðin umræða og það er sú umræða sem við vildum fá hér í dag. Ætlum við yfirleitt að hafa aðgerðaáætlun? Teljum við að reynslan af því sé góð? Viljum við reyna að koma okkur saman um meginlínurnar eða viljum við gera þetta öðruvísi?

Það eru auðvitað vonbrigði fyrir okkur, en það er nú bara þannig með allt í lífinu að flestum þykir nú eilítið vænt um sín eigin sköpunarverk og ég ætla ekki að taka þetta of persónulega, en mér finnst vont, og ég held að það skaði Reykjavík, það skaðar það öryggi sem starfsfólk hefur búið við, það skaðar það öryggi sem íbúar hafa búið við, að hér er ekki í gildi nein svona áætlun eða nein aðgerðaáætlun sem segir hvernig við ætlum að halda á meginþáttum í rekstri Reykjavíkurborgar. Sú

Bstj. 7. september 2010

aðgerðaáætlun liggur ekki fyrir. Þær meginlínur liggja ekki fyrir og á fundum okkar í aðgerðahópi hefur komið fram að það er ennþá verið að ræða það, þannig að það er ennþá verið að ræða hvað af þessum meginlínnum skuli halda ef yfirleitt eitthvað af þeim verður haldið og auðvitað er það þannig eins og ég nefndi áðan að þessi gjaldskrárhækkun ein og sér er brot á henni, þannig að hún er svosem, ef við værum hér í mjög pólitískum leik fyrir einhverjum mánuðum síðan, þá hefðum við hrópað hér mjög hátt og sagt: það er búið að brjóta aðgerðaáætlunina og við hefðum rifið plaggið jafnvel með táknrænum hætti hér, ef maður hefði viljað vera dálítið dramatískur. En hún er semsagt, eins og ég segi, fallin úr gildi, auk þess sem það eitt að ávarpa það eins og til dæmis Dagur gerði hér í dag, að það sé hægt að fækka starfsfólki í Orkuveitunni um 20% er líka brot á henni og það er annað sem er líka brot á henni, þrátt fyrir að ég efist kannski um að það hafi verið bent á það, en það að auglýsa eftir störfum í stjórnsýslu eins og er búið að gera núna, bæði hjá borgarlögmanni og líka á skrifstofu velferðarsviðs, er líka brot á henni. Vegna þess að við réðum ekki í nýjar stjórnunarstöður. Við færðum fólk á milli starfa til þess að draga úr kostnaði við stjórnunarstöður en réðum einungis í grunnþjónustu.

Þannig að hún er í raun og veru margbrotin þannig að það er alveg ljóst að aðgerðaáætlunin sem við náðum þessari sátt um er ekki í gildi en það sem við þurfum að vita og verðum að vita til þess að geta haldið áfram, bæði að vinna að þessum stóru verkefnum, ekki síður ef við ætlum að halda einhverri sátt um þau stóru verkefni sem hér er í gangi eða halda áfram samstarfi og samráði um þau verkefni, þá verðum við að fara í það í fyrsta lagi að ákveða, og þess vegna er spurt að því úr þessum stóli nú: hyggst meirihlutinn vera með einhverja aðgerðaáætlun? Er það stefnan að forma eða setja saman aðgerðaáætlun fyrir komandi misseri og komandi ár á vettvangi Borgarstjórnar Reykjavíkur eða hafa menn ekki hug á því að gera það? Það er í fyrsta lagi. Í öðru lagi: má í þeirri aðgerðaáætlun vænta þess að ... ég er nú aðeins að líta til borgarstjóra, hann er ekki ... þá spyr ég bara meirihlutann, má í þeirri aðgerðaáætlun vænta þess að um þau megingildi sem sett eru hér fram um starfsöryggi, um grunnþjónustu og um gjaldskrár verði áfram staðinn vörður eða er ekkert í hendi með það? Má ætla að skattar verði hækkaðir? Sem var líka mál sem var mikið tekist á um hér á þessum

Bstj. 7. september 2010

vettvangi en er svosem ekki hluti af þessari aðgerðaáætlun en var samt hluti af þessari umræðu. Og þetta eru þessar risastóru spurningar sem einhverjum gæti þótt tæknilegar en munu vera í 90% tilvika það sem við ræðum um á þessum vettvangi.

Svo ég segi mína skoðun og kasti ekki bara fram spurningum, þá er ég þeirrar skoðunar að það sé einnar messu virði og vel það að reyna að koma sér saman um sameiginlega aðgerðaáætlun. Ég hefði og var búin að segja það helst viljað að þessi aðgerðaáætlun hefði haldið áfram og við hefðum reynt að vinna áfram með hana vegna þess að hún var orðin þekkt og kunn innan kerfisins okkar þannig að það auðveldar alla vinnu að fara á svipaðan stað en ég er ekki viss um að allir séu sammála mér um það en ég hefði allavega talið mjög mikilvægt að við myndum koma okkur saman um meginlínurnar og sú vinna þolir eiginlega enga bið og það er það sem við höfum verið að gagnrýna í sumar, ítrekað óskað eftir og munum óska frekar eftir núna á komandi vikum fundum í fagráðum vegna þess að þessi forgangsöröðun er ekki hafin. Ég spyr meirihlutann reyndar, og þá geta menn, í þágu hvers á að forgangsraða og hvernig á að gera það og með hvaða hætti og hvar mun þess sjást staður í fjárhagsáætlun? Fjárhagsáætlunargerð hér er alveg gríðarlega erfið við þær aðstæður sem nú er og hún er næsta ómöguleg að mínu mati nema til komi verulega skýr forgangsöröðun eins og hér hefur verið.

Menn geta auðvitað tekið ríkisleiðina á þetta og hækkað skatta og hækkað gjöld og það er að einhverju leyti auðvitað þægileg leið. Ég leyfði mér nú hér á síðasta kjörtímabili, og það var ekki mikil stemmning í salnum fyrir því, allavega öðrumegin, ég kalla þá leið leið hins lata og nú brosir Sóley Tómasdóttir til mín, vegna þess að ég tel að það sé leið hins lata að ákveða bara að hækka skatta og sækja peningana annað í staðinn fyrir að leggja sig allan fram við það að finna aðrar leiðir. Þannig að ég á þá von og vonast til þess að við setjumst aftur niður og semjum aðgerðaáætlun. Ég ætla reyndar alveg að viðurkenna það í þennan hóp að ég er svona orðin nokkuð langþreytt á að það gerist og hef áhyggjur af því að hún muni ekki skila sér inn í fjárhagsáætlun, vitandi það hversu langan tíma það tók okkur að útbúa þetta plagg, þá hef ég áhyggjur af því að það náist ekki fyrir þessa fjárhagsáætlunargerð og þess vegna verði hún erfiðari og þyngri heldur en ella,

Bstj. 7. september 2010

Þannig að sú vegferð okkar að ýta á það að fjárhagsáætlunargerðin hefjist, forgangsröðun hefjist og menn hugi að þessari aðgerðaáætlun er ekki bara það að reyna að koma höggi á einhvern meirihluta, það hefur bara með það að gera að við teljum að með þessu tæki höfum við náð miklum árangri og stigið ákveðin skref í stjórnsýslu og stjórnmálum sem skipta máli og það hefur verið einlæg von okkar að menn væru reiðubúnir að halda þannig áfram.

En ég var hér með nokkrar spurningar um stöðu aðgerðaáætlunar, um það hvernig menn hyggjast taka á því, hvaða forgangsröðun sé við að búast og hvernig menn haldi á því í framhaldinu og vænti þess að því verði svarað.

Forseti: Borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir hefur lokið máli sínu. Næst tekur til máls borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

Bstj. 7. september 2010

2. mál Umræða um stöðu aðgerðaáætlunar borgarstjórnar (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna)

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Við borgarfulltrúar erum sammála um margt. Kannski ekki allt en margt. Einróma ákvarðanir þykja sjaldan fréttæmar heldur kannski frekar hitt, þegar við tökumst á um markmið eða leiðir. Þá gerist það stundum að almenningur skipar sér í fylkingar með eða á móti en oft verður fólk bara fúlt og skilur ekki af hverju þetta lið getur ekki hagað sér. Eftir mikinn umbrotatíma á síðasta kjörtímabili, bæði pólitískt og efnahagslega séð, ákváðu kjörnir fulltrúar allra flokka í borgarstjórn að koma sér saman um ákveðnar meginlínur til að vinna eftir. Það tókst. Aðgerðaáætlun borgarinnar varð til haustið 2008, rétt fyrir hrun, og hefur síðan þá verið leiðarljós í allri vinnu borgarinnar. Ekki bara okkar, kjörinna fulltrúa, heldur ekki síður hjá sviðsstjórum, hjá embættismönnum, hjá öllu starfsfólki og allir borgarbúar hafa vitað fyrir hvað þetta stendur eða fyrir hvað við stöndum.

Frá hruni hefur samfélagið einkennst af reiði og ótta. Reiði yfir ósanngirni og ótta við það sem mögulega getur gerst. Það er staðreynd að þær línur sem lagðar höfðu verið hér í borgarstjórn slógu á hvort tveggja meðal borgarbúa. Aðgerðaáætlunin var sanngjörn og hún var skýr. Standa skyldi vörð um grunnþjónustuna, gjaldskrár skyldu ekki hækkaðar og engum yrði sagt upp. Á þeim tveimur árum sem liðin eru hefur okkur hér greint á um skilgreiningar og útfærslur, eins og borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir fór yfir hér áðan, en borgarbúar og starfsfólk hafa þó í meginatriðum getað reitt sig á plaggið.

Forseti. Eftir kosningar boðaði nýr meirihluti aukið samráð, skynsamlegar leiðir og allt það besta fyrir borgarbúa. Þá hefði verið einfalt að taka upp aðgerðaáætlunina, setjast niður með kjörnum fulltrúum og fara yfir það hvort og þá hvernig mætti bæta hana eða breyta henni. Það var ekki gert. Það virðist meira að segja talsverð óvissa um það hvort þessi aðgerðaáætlun er í gildi eða ekki og þá hvaða hlutar hennar. Aðgerðaáætlun sem þó ríkti þverpólitísk samstaða um, var nefnilega skynsamleg og hún var með hagsmuni borgarbúa í fyrirrúmi. Það mætti m.a.s. segja að hún hafi verið til marks um talsverða tillitsemi, talsverða fagmennsku og jafnvel kærleik. Ég þarf ekkert að fara mikið fleiri orðum um

Bstj. 7. september 2010

innihald eða gildi áætlunarinnar, enda gerði borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir það ágætlega hér áðan. Ég stend bara fast við þá skoðun mína að hún skipti gríðarlegu máli og að það hljóti að vera farsælast fyrir borgina að samstaða náist um sameiginleg grunnildi á kjörtímabilinu.

Ég óttast nefnilega að ef ekkert verður að gert þá verði fjárhagsáætlunin ekki eins og best verður á kosið. Það bara má ekki gerast að fjárhagsáætlunin verði unnin með sama hætti og fjárhagsaðgerðir Orkuveitunnar; að forgangsroðunin verði óskýr og að hagræðingin verði ekki útfærð með pólitíska sýn að leiðarljósi. Fjárhagsáætlunarvinnan hefur tafist og ljóst að ef við ætlum að ná að samþykkja áætlun fyrir áramót eins og okkur ber, þá væri nú aldeilis ráð að spýta í lófana. En hvernig getum við gert það? Hvar byrjar fólk þegar það býr til fjárhagsáætlun? Á krónum og aurum og prósentum? Eða þurfum við kannski að vera búin að ákveða hvað skiptir mestu máli og hvað það er sem skiptir minnstu máli? Hvað er sanngjarnt, hvað er faglegt, hvað er tillitssamt og hvað er kærleiksríkt? Hvert er hlutverk borgarinnar gagnvart borgarbúum, hverjir eru háðastir þjónustunni, hvað má þjónustan kosta og hvernig ætlum við að eiga fyrir henni? Þessum spurningum hefði verið gott að velta upp áður en ákveðið var að hækka gjaldskrár og hagræða um umrædd 25% hjá Orkuveitunni og þessum spurningum verður að svara áður en við reynum að fylla í það gat sem ljóst er að við þurfum að fylla í við gerð komandi fjárhagsáætlunar.

Það er nefnilega alveg ljóst að Reykjavíkurborg á ekki fyrir óbreyttri þjónustu á næsta ári þó nákvæmar upphæðir liggi ekki fyrir. Að mínu mati liggur svo sem ekkert sérstaklega á útreikningum á upphæðunum þar sem spurningunum sem ég bar upp hér áðan hefur ekki verið svarað og við höfum ekki gert tilraun til þess að leita svara við þeim. Því miður. Ég vil því ljúka ræðu mína á að brýna borgarstjórn Reykjavíkur í þessum efnum, eins og borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir gerði og þykir raunar miður að hvorki borgarstjóri né formaður borgarráðs, sem báðir sitja í aðgerðahópi borgarráðs, skuli vera hér á fundinum. En reynslan sýnir okkur að sameiginlegur grunnur hjálpar okkur við að vinna vinnuna okkar, hún gefur skýr skilaboð til borgarbúa og starfsfólks. Sameiginlegur grunnur gerir ákvarðanatöku vandaðri og þjónustuna þar með betri.

Bstj. 7. september 2010

Það skiptir máli að vinnan hefjist hér og nú, að við setjumst yfir aðgerðaáætlunina og reynum að komast að samkomulagi um það hvað má betur fara.

Forseti: Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Björn Blöndal.

Bstj. 7. september 2010

2. mál Umræða um stöðu aðgerðaáætlunar borgarstjórnar (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna)

Björn Blöndal: Forseti, kærur borgarfulltrúar. Ég sit í aðgerðahóp með þeim stöllum Hönnu Birnu, Sóleyju, Degi og borgarstjóra. Þessi umrædda aðgerðaáætlun er náttúrliga bara hið besta plagg og við höfum séð fyrir okkur að hún verði annað hvort framreidd endurskoðuð eða endurnýjuð. Það er náttúrliga rétt sem Hanna Birna segir, að það eru þarna ákveðnir þættir sem þarna hafa verið gerðir sem ekki samræmast þessari aðgerðaáætlun þannig að væntanlega kallar það í það minnsta á endurskoðun en aðalatriðið er kannski það að við höfum fullan hug á að gera þetta í sátt og samlyndi eins og hægt er, ef mögulegt er, og við teljum okkur sko, forgangsöröðun er náttúrliga fyrst og fremst í þágu þeirra sem minnst mega sín, það er svosem klisja sem allir nota en hún er fín. Sumar klisjur eru bara góðar. Það er ekkert hægt að útiloka skattahækkunar, það er ekki hægt að útiloka gjaldskrárhækkunar og þetta er bara eitthvað sem við þurfum að komast að samkomulagi um en auðvitað væri æskilegt að þurfa ekki að fara þessa leið og best væri að ná þessu fram með hagræðingu ef mögulegt er.

Við náttúrliga viljum að starfsöryggi sé sem mest, að sjálfsögðu. En við erum náttúrliga þessa dagana að hittast reglulega í þessum aðgerðahóp og ef við getum bara komist að samkomulagi um þetta, þá verður allt gott, þannig að ég legg áherslu á að við leitumst eftir því. Takk fyrir.

Forseti: Borgarfulltrúi Björn Blöndal hefur lokið máli sínu. Og ég minni á það, ekki bara í tilefni af þessari ræðu heldur fleiri ræðum hér í dag að það er skylda samkvæmt samþykktum borgarstjórnar að ávarpa borgarfulltrúa með fullu nafni og titli. Næstur tekur til máls borgarfulltrúi Kjartan Magnússon.

Bstj. 7. september 2010

2. mál Umræða um stöðu aðgerðaáætlunar borgarstjórnar (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna)

Kjartan Magnússon: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Hér er mjög mikilvægt mál til umræðu sem aðgerðaáætlunin er og ég þakka fyrir þá yfirferð sem borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir og borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir gerðu að umtalsefni hér áðan. Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir okkur þegar við förum inn í nýjan vetur, tökum til starfa að loknu sumarleyfi, að það sé alveg á hreinu hver ábyrgð okkar er við að reka borgina og ég held að aðgerðaáætlunin sé eitt það besta sem tókst í störfum borgarstjórnar á síðasta kjörtímabili. Þarna bar öll borgarstjórn gæfu til þess að samþykkja þetta plagg sem farið var yfir hér áðan og ég held að menn geti alveg sammælt um það, hvort sem þeir sátu í meirihluta eða minnihluta, að þetta var það plagg sem hjálpaði okkur mest og best í gegnum þá erfiðleika sem við var að etja á síðari hluta kjörtímabilsins.

Það er mjög þýðingarmikið að sem fyrst hefjist umræða um það hvort og með hvaða hætti við getum framlengt þessa áætlun, því ég segi það fyrir sjálfan mig, hún var mér að minnsta kosti mikilvægt leiðarljós og þetta leiðarljós hjálpaði eins og við vitum mjög til í allri vinnu úti í ráðunum og ekki síður bara í borginni sjálfri. Kjósendur okkar og íbúar borgarinnar, ég hef mörg dæmi um það að þeim fannst gott að borgarstjórn hafði svo skýrt leiðarljós að vinna eftir.

Nú, ég velti því hins vegar fyrir mér þegar við ræðum þetta núna og þessi umræða er mjög þörf og ég held að það væri gott að sem flestir borgarfulltrúar tækju þátt í henni, stundum þarf maður svona að heyra úr öllum áttum til að skynja stemmninguna fyrir því hvort það eigi að halda áfram með slík mál, að ég verð að segja, ég verð að lýsa undrun minni á því að borgarstjóri skuli vera farinn af fundinum þegar þetta mikilvæga mál er til umræðu, og einnig formaður borgarráðs, Dagur B. Eggertsson sem mér skilst að sé formaður aðgerðahópsins. Við erum að ræða þetta mikilvæga mál og þeir eru hvorugur á fundinum, mér þætti vænt um að fá skýringar á fjarvist þeirra, því þetta er það mikilvægt mál og ég tel mjög mikilvægt að þeir sem lykilmenn, borgarstjóri og formaður borgarráðs og formaður aðgerðahópsins, þeir eiga að sjálfsögðu að vera hér með okkur.

Bstj. 7. september 2010

Einnig velti ég fyrir mér, ég sé að stóll borgarstjóra er hér algjörlega auður, ég tel að það sé mjög óæskilegt. Það hefur verið hér síðustu 100 árin eða svo að stóll borgarstjóra hefur ekki verið auður. Þurfi borgarstjóri að hverfa af fundi vegna brýnna erindi, þá hefur staðgengill komið í hans stað og ég sé að það hefur þegar verið orðið við þessari ósk minni en þetta er nefnilega mjög mikilvægt atriði að við förum eftir forminu að þessu leyti og sú breyting var gerð á síðasta kjörtímabili að þessu staðgenglahlutverki var breytt, í staðinn fyrir að það kæmi borgarritari eða borgarlögmaður, þá kom semsagt oddviti Sjálfstæðisflokksins sem í þessu tilviki er þá Dagur B. Eggertsson en hann er semsagt líka farinn af fundi, þrátt fyrir að hér sé verið að ræða mjög mikilvægt mál, en ég tel þá rétt að það komi staðgengill sem er kominn, að það sé þá embættismaður úr Ráðhúsinu sem geti þá verið tilbúinn að svara fyrir það sem þarf að svara fyrir, sem getur alveg komið upp hér á fundinum. Og það væri þá kannski rétt að beina því til borgarstjóra eða þess sem situr í því sæti, ég myndi vilja beina til hans fyrirspurn um það hverra erinda þessir ágætu menn eru í þannig að þeir gátu ekki verið viðstaddir þessa umræðu sem við sitjum nú.

Forseti: Borgarfulltrúi Kjartan Magnússon hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir.

Bstj. 7. september 2010

2. mál Umræða um stöðu aðgerðaáætlunar borgarstjórnar (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna)

Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Við höldum nú að ... ég skal reyna að útskýra að einhverju leyti það sem Kjartan Magnússon borgarfulltrúi nefnir, það er svosem ekkert leyndarmál. Fundinum var flýtt vegna þess að borgarstjóri þurfti að vera erlendis. Borgarfulltrúar vita það að hann þurfti að vera erlendis, en við áttum reyndar ekki von á því að það yrði svona snemma á fundinum, það hafa verið einhver óljós skilaboð um það, þannig að borgarstjóri er ekki á fundinum og staðgengill hans, pólitískur, er ekki heldur á fundinum sem er auðvitað, sagt hér, algjörlega óafsakanlegt.

Við erum að ræða hér risastórt mál, við erum að ræða aðgerðaáætlun, við erum að ræða það, og það var búið að fara yfir það á forsætisnefndarfundum að við værum að óska eftir upplýsingum um stöðu aðgerðaáætlunarinnar og það er enginn nema Björn Blöndal borgarfulltrúi sem gefur sig fram til að þess að svara því og ég sé enga ástæðu til þess að lengja þessa umræðu eða halda henni áfram. Ólafur Kr. Hjörleifsson, eins ágætur og hann er, hann getur ekki svarað fyrir pólitíska stefnu meirihlutans í þessum málum, það er ekki hægt að ætlast til þess af honum. Þannig að fyrst að Dagur B. Eggertsson, sem á að vera pólitískur staðgengill, ég veit ekki hvar Dagur er, ég tek það fram, en hann er ekki hér á fundinum og það er greinilega kominn inn varamaður hans á fundinn, að þá er þessi umræða algjörlega tilgangslaus og í raun og veru algjör dónaskapur að bjóða borgarstjórn upp á þetta.

Þannig að ég get ekkert annað, forseti, heldur en bara lagt til að ... eða ég veit ekki, það hafa ekki fleiri held ég beðið um orðið og það hafa engin svör beint komið við, jú, Björn Blöndal sagði: það er ekki hægt að útiloka það að það þurfi að fara í gjaldskrárhækkunir, það er ekki hægt að útiloka að við hækkuðum skatta, það er ekki hægt að útiloka að við förum í uppsagnir og svo öllu sé til haga haldið sagði hann: við erum alveg reiðubúin að ræða það að fara í vinnu er tengist aðgerðaáætlun. En það eru bara mikil vonbrigði, það er enginn til að svara fyrir málið á fundinum þannig að því miður er það nú svolítið í takt við þá fjárhagsáætlunarvinnu sem hefur verið í gangi á þessum vettvangi, en ég veit ekki,

Bstj. 7. september 2010

forseti. Við vorum málshefjendur að þessu máli en hvorugur oddvita meirihlutans er á staðnum þannig að ég efast um að við fáum nokkur frekari svör við þessu máli hér í dag.

Forseti: Borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir hefur lokið máli sínu. Þá er umræðu um þennan lið lokið og þá er tekin til umræðu tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um endurbætur og viðgerðir á húsnæði frístundaheimila og til máls tekur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

Forseti Hanna Birna Kristjánsdóttir: Við erum að ræða hér, til skýringar, það er búið að læra þennan lið um aðgerðaáætlun og líka, til þess að borgarstjórn sé það ljóst, þá getur vel verið að einhverjir kjósi að bóka undir þeim lið og til þess hafa menn heimild í lok fundarins en nú ræðum við um tillögu borgarfulltrúa Vinstri grænna um endurbætur og viðgerðir á húsnæði frístundaheimila. Til máls tekur flutningsmaður, Sóley Tómasdóttir.

[Bókanir fluttar síðar á fundinum]

Bstj. 7. september 2010

2. mál Umræða um stöðu aðgerðaáætlunar borgarstjórnar (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna)

Hanna Birna Kristjánsdóttir: Síðan er það vegna 2. liðar á dagskrá þessa fundar, umræðu um stöðu aðgerðaáætlunar borgarstjórnar, þá sjáum við okkur ekki annað fært og ég vil aðeins hafa örstuttan formála að þessu. Dagur B. Eggertsson er kominn til fundar en það er alveg ljóst að það var hér mikil óánægja með það á vettvangi borgarstjórnar að það var enginn til svara vegna aðgerðaáætlunar og í ljósi þess bókum við svohljóðandi, og ég sagði það í ræðu minni hér áðan, vegna þess að það var svo sem engin ástæða til þess að halda umræðunni áfram, það var einungis einn borgarfulltrúi sem gaf einhver svör en hvorki borgarstjóri, sem reyndar var búinn að segja að þyrfti að fara af fundi, þó svo að það væri greinilega ekki minnihlutanum ljóst að það yrði svona snemma, né sá borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson sem á að vera hér pólitískur staðgengill borgarstjóra, að það finnst mér algjört virðingarleysi, borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson, að það eigi sér stað á nákvæmlega sama tíma og borgarstjóri fer frá, á fyrsta fundi borgarstjórnar á nýjum vetri þar sem er verið að ræða aðgerðaáætlun í verkefnum borgarinnar. Þess vegna varð umræðan endasleppt og við sjáum okkur ekki fært annað en að bóka með þessum hætti og það eru bæði borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna:

Á síðasta kjörtímabili náðist mikilvæg sátt um markmið og umgjörð fjárhagsáætlana í svonefndum aðgerðahópi borgarráðs. Í aðgerðaáætlun þeirri voru skýr skilaboð til borgarbúa og starfsmanna um ákvarðanir um gjaldskrár, störf starfsmanna og grunnþjónustu. Nú er komið langt inn í áætlunarferli fjárhagsáætlana og ekkert bólar á sátt, ramma eða forgangsröðun vegna þeirra stóru verkefna sem framundan eru. Það er því afar ámælisvert að hvorki borgarstjóri né formaður borgarráðs, sem er jafnframt formaður aðgerðahóps, séu viðstaddir þessa umræðu um stöðu aðgerðaáætlunar borgarinnar og því hafi ekki verið veitt nein svör við stöðu þessa stóra máls, nema þau sem komu frá borgarfulltrúa Besta flokksins um að ekki væri hægt, innan gæsalappa orðrétt, að útiloka skattahækkanir, gjaldskrárhækkanir eða uppsagnir.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Hanna B. Kristjánsdóttir tekið til máls og kynnt bókun undir lið 2. Þá mun staðgengill borgarstjóra, Dagur B. Eggertsson, taka til máls.

Bstj. 7. september 2010

2. mál Umræða um stöðu aðgerðaáætlunar borgarstjórnar (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna)

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Þetta var afar merkileg ræða og raunar býsna sérkennileg í ljósi forsögunnar. Við erum hér að ljúka borgarstjórnarfundum sem hófst á óvenjulegum tíma, klukkan tíu, vegna sérstakra aðstæðna og voru allir tilbúnir að reyna að laga sig að því. Þó var einn fundur sem ég þurfti að vera á milli 1 og 2 og það lá fyrir og þess vegna kom ég að mála við háttvirtan forseta, sem var að ljúka hér tölu og miklum ámælum þessa vegna, fyrr á þessum fundi, óskaði eftir því að málefni frístundaheimila yrðu tekin fyrir á undan umræðu um aðgerðaáætlun borgarstjórnar vegna þess að mér fannst ekki gott að hvorki ég né borgarstjóri gætum verið við þá umræðu. Forseti sá ekki ástæðu til að verða við þessari sjálfstöðu beiðni og nýtti sér færið í staðinn til þess að vera hér með einhverskonar hanaslag í fjarveru minni og gera það tortryggilegt að ég þyrfti að vera fjarverandi, þó að ég hafi upplýst um það fyrirfram og óskað eftir breytingum á dagskrá þannig að það kæmi ekki niður á mikilvægum störfum og umræðum í borgarstjórn og átti ég því ekki von á því, hvorki að það yrði hér gert tortryggilegt, hvað þá að bóka, en ég neyðist víst til þess að bóka hérna þessar skýringar og þá tillögu sem ég gerði til lausnar málinu, sem, ef þetta var eitthvað stórmál, mér finnst bara miður að ekki var orðið við. Ég tala nú ekki um ef það er sérstakt tilefni bókunar hér í söllum borgarstjórnar.

Forseti: Staðgengill borgarstjóra, Dagur B. Eggertsson, hefur lokið máli sínu. Þá hefur óskað eftir að taka aftur til máls borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir en ég minni á það að þessum fundi var lokið að öðru leyti en því að það átti eftir að kynna bókanir þannig að ég veit ekki alveg hvaða reglum við eigum að fylgja [frammícall, HBK] Já, hún tekur þá til máls undir liðnum stjórn fundarins.

[Sjá skjalið: Utan dagskrár um stjórn fundarins]